

Fundargerð 21. fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 15. desember 2005.

Haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16.

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður), Fanney Sigurgeirsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þórdís T. Þórarinsdóttir. Guðný Ragnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis var fjarverandi.

1. **Fundargerð** síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. **Nafnmyndaskrá.** Ragna og Sigrún sögðu frá gangi mála. Fundir voru með Georg á fimmtudag og föstudag í síðustu viku. Nafnmyndaskráin á að vera tilbúin í dag eða á morgun. Indexering er eftir og kerfinu verður væntanlega lokað á annan í jólum 26. desember vegna hennar. Breytingar á grunninum verða sýnilegar milli jóla og nýárs. Senda þarf bréf til skrásetjara til að tilkynna um breytingar og tekur Sigrún það að sér. Vinnulag kemur ekki til með að breytast en tilvísanir verða sýnilegar. Ef sótt er í höfðalista með F3 og t.d. flett upp vikorði eru valorðin á bak við vikorðin og ef vikorð er valið fer valorðið inn sjálfkrafa. Svið 692 verður ekki notað lengur heldur verður 650#4 notað í stað þess. Svið 690 og 693 verða áfram til. Ekki var hægt að fella saman vélrænt orð sem voru samhljóða í 690 og 692.
3. **Ábyrgðarmenn skráningar.** Eftir síðasta fund var 14 söfnum send bréf og þau beðin um að tilkynna ábyrgðaraðila skráningar. Þrjú söfn eiga eftir að svara. Þóra fór yfir lista yfir ábyrgðarmenn skráningar hjá þeim söfnum sem eru búin að svara. Einnig var farið yfir skrá yfir notendanöfn bókfræðiskrásetjara, sem ekki tilheyra söfnum sem búin eru að tilnefna ábyrgðarmenn. Þessa aðila þarf að spyrða saman með fleiri söfnum/skrásetjurum og tilnefna ábyrgðarmenn. Hildur og Sigrún beðnar um að grúppa saman þá aðila sem eru eftir í samvinnu við Þóru. Þóra kom með tillögu um að hafa vinnufund með skrásetjurum með engri dagskrá (eða eingöngu inngangi), þar sem menn geta borið saman bækur sínar og koma með vandamál til úrlausnar. Þessi tillaga fékk góðar viðtökur.
4. **Myndbandaskráning.** Farið var yfir skjal um mynddiska- og myndbandaskráningu frá myndbandahópi frá 15. nóv. 2005. Fundarmenn komu með athugasemdir við textann. Ragna ætlar að taka að sér leiðréttingar. Hulda lagar skjalið og sendir til Sigrúnar. Skjalið var borið undir atkvæði skráningarráðs og samþykkt með fyrirvara um 500 svið. Að þessu loknu verður skjalið sett á vef Landskerfis. Sigrún fylgir birtingu eftir með tilkynningu.
5. **Önnur mál.**
Spurt var um stöðu gæðamála. Árni hafði ætlað að bera skjal um starfsreglur fyrir skrásetjara undir lögfræðing. Ekki er vitað hvar málið er statt. Sigrún ætlar að senda ráðinu póst um stöðu mála.
Spurt var um stöðu reglna um 856 sviðið, þar á enn eftir að gera örlitlar breytingar.

Næsti fundur er boðaður fimmtudaginn 12. janúar 2006 kl. 14.00

Fundi slitið um kl. 16.00